

- 1.2 Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt verðskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni. Fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla og atvinnuhúsnæði o.þ.h. skal grunnjald vera kr. 55 400,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar. Framangreint grunnjald kr. 55 400,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 250 stig og, að Orkusjóður greiði það sem á vantar heildarkostnað við lagningu 80 m heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar. Grunnjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.
- 1.3 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Ef lögð er veita, þar sem línulögn þarf til og/eða, heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.2, skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 463, 20. desember 1985. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 18, 9. janúar 1985 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Almennir taxtar.

A.1 Almenn notkun:	
Fast gjald	1 610,00 kr/ár
Orkugjald	4,14 kr/kWh
A.2 Mannvirkjagerð:	
Fast gjald	3 220,00 kr/ár
Orkugjald	6,21 kr/kWh

Aftaxtar.

B.1 Aflmæling:	
Fast gjald	27 400,00 kr/ár
Aflgjald	5 210,00 kr/kWh/ár
Orkugjald	1,04 kr/kWh
B.2 Úti- og götulýsing	18 900,00 kr/kWh/ár

Hitunartaxtar.

C.1 Órofin hitun:	
Fast gjald	4 870,00 kr/ár
Orkugjald	2,66 kr/kWh

C.2 Daghitun, rofin:		
Fast gjald		3 250,00 kr/ár
Orkugjald		0,59 kr/kWh
C.3 Næturhitun:		
Fast gjald		3 250,00 kr/ár
Orkugjald		0,59 kr/kWh

Sumartaxti.

S.1 Aflmæling:		
Lágmarksgjald 75 kW, 1. maí — 30. september		30 000,00 kr/mán
Aflgjald, 1. maí — 30. september		400,00 kr/kW/mán
Aflgjald, apríl og október		1 530,00 kr/kW/mán
Orkugjald		0,88 kr/kWh

Skammstafanir.

Tákn	Eining	Skýring	Tákn	Eining	Skýring
A	amper	straumur	kW	kílówatt	afl
h	klukkustund	tími	kWh	kílówattstund	orka
kV	kílóvolt	spenna	m	metri	lengd
kVA	kílóvoltamper	sýndarafl			

Gjaldskrárlíðir.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjald.

A. Almennir taxtar.

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:		
Fast gjald		1 610,00 kr/ár
Orkugjald		4,14 kr/kWh
A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:		
Fast gjald		3 220,00 kr/ár
Orkugjald		6,21 kr/kWh

B. Aftaxtar.

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:		
Fast gjald		27 400,00 kr/ár
Aflgjald		5 210,00 kr/kW/ár
Orkugjald		1,04 kr/kWh

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.

Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.

Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafmagnsveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

B.2 Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:		
Aflgjald	9 150,00	kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	9 750,00	kr/kW/ár
Gjald samtals	18 900,00	kr/kW/ár
Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.		
Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði rafmagnsveitunnar.		

C. Hitunartaxtar.

C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:		
Fast gjald	4 870,00	kr/ár
Orkugjald	2,66	kr/kWh
C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:		
Fast gjald	3 250,00	kr/ár
Orkugjald	1,13	kr/kWh
Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti.		
C.3 Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:		
Fast gjald	3 250,00	kr/ár
Orkugjald	0,59	kr/kWh
Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 9.00 til 21.00.		

S. Sumartaxti.

S.1 Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi:		
Lágmarksaflgjald 75 kW, 1. maí — 30. september	30 000,00	kr/mán
Aflgjald, 1. maí — 30. september	400,00	kr/kW/mán
Aflgjald, apríl og október	1 530,00	kr/kWh
Orkugjald	0,88	kr/kW
Ekki er heimilt að selja orku á þessum taxa frá 1. nóvember til 31. mars.		

3. gr.

Mælaleiga.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki eru innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr.

Fyrir mælitæki til annarra nota en að framan greinir, skal ársleiga vera sem hér segir:

	Kr.
Orkumælir, einfasa	311,00
Orkumælir, þrífasa	1 240,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	2 100,00
Aflmælir	2 020,00
Aflmælir með straumspennum	3 160,00
Tvígjaldsorkumælir	2 020,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	3 160,00
Móttökuliði, einpóla	1 400,00
Móttökuliði, þrípóla	2 020,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtaugagjöld.

- 4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

- 4.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

- 4.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Heimtaugagjöld kr.
63 A	1-fasa	22 900,00
63 A	3-fasa	25 400,00
100 A	3-fasa	40 400,00
200 A	3-fasa	80 700,00
315 A	3-fasa	127 000,00
400 A	3-fasa	162 000,00
630 A	3-fasa	254 000,00
710 A	3-fasa	287 000,00
1200 A	3-fasa	485 000,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

- 4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur		Stofngjald kr.	Lengdargjald	
			Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpi
63 A	1-fasa	4 550,00	678,00	8 600,00
63 A	3-fasa	6 420,00	678,00	9 980,00
100 A	3-fasa	6 780,00	885,00	11 460,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 4.5 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

- 4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

- 4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennit rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

6. gr.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilsins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kWh/mæli né aðra mæla rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárlíðum. Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

7. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

8. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafmagnsveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald 438,00 kr.

9. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 823,00 kr.

10. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald 823,00 kr. fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

11. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafmagnsveitunnar.

12. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á C-liðum, húshitun og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

13. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin ætíð við að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

14. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1986, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 463 20. desember 1985. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 51, 28. janúar 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA

Gjaldskrárlíðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	5,29 kr/kWh
Fastagjald	2 570,00 kr/a

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	7,94 kr/kWh
Fastagjald	2 570,00 kr/a

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

Aflgjald	9 120,00 kr/kW/a
Viðhaldsgjald	9 680,00 kr/kW/a

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	1,79 kr/kWh
Fastagjald	10 280,00 kr/a

A. 5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	25 860,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarksafstillingu 20 kW	4 310,00 kr/kW/a
Orkugjald af allri notkun	1,22 kr/kWh
Orkugjald af allri notkun — niðurgreitt	0,77 kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	5,29 kr/kWh

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum líðum ef hagkvæmara þykir.